

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1042

Dagsetning: 15. október 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Anna Sigríður Vernharðsdóttir, leiðtogi ljósmæðra hjá HH, sat fundinn undir liðum 8 og 9.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 8. október 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Fundir í heilbrigðisráðuneytinu

Forstjóri upplýsti um umræður á fundi með ráðuneytisstjóra í heilbrigðisráðuneytinu um ýmis málefni.

### 4. Stofnanasamningur við Ljósmæðrafélag Íslands

Farið var yfir drög að stofnanasamningi við Ljósmæðrafélags Íslands. Framkvæmdastjórn samþykkti drögin.

### 5. Laun lækna án sérfræðileyfis

Farið var yfir drög að launaröðun lækna án sérfræðileyfis þar sem útfært er hvernig starfsreynsla í heilsugæslu er metin til launa. Framkvæmdastjórn ákvað að vinna málið áfram.

### 6. Persónuverndarmál

Farið var yfir vinnu innan HH tengt persónuverndarmálum og skjalavistun.

### 7. Samningar um aðgengi að sjúkraskrá

Rætt var um stöðu máls tengt samningum um aðgengi að sjúkraskrá.

## 8. Þjónustukönnun ríkisins

Anna Sigríður Vernharðsdóttir, leiðtogi ljósmæðra hjá HH, kom á fundinn og fór yfir ferlið við nýja þjónustukönnun ríkisins. Ákveðið var að byrja á að gera kannanir hjá heilsugæslustöðvum og ákveða í kjölfarið hvernig kannað verður hjá öðrum starfseiningum.

## 9. Gæðamál

Anna Sigríður Vernharðsdóttir, leiðtogi ljósmæðra hjá HH, kom á fundinn til að ræða fyrirkomulag gæðamála hjá HH. Rætt var um að leggja þurfi drög að starfslýsingu fyrir gæðastjóra og í kjölfarið ráða í stöðuna.

### Aðgerðir og verkefni

- Ljúka þarf vinnu við gerð stofnanasamnings og undirrita samninginn, sjá lið 4.  
Ábyrgð: SJ
- Vinna þarf áfram drög um launaröðun lækna án sérfræðileyfis, sjá lið 5.  
Ábyrgð: SDM, NSK og SJ
- Vinna þarf áfram mál tengt samningum um aðgengi að sjúkraskrá, sjá lið 7.  
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf drög að starfslýsingu fyrir nýtt starf gæðastjóra, sjá lið 9.  
Ábyrgð: SJ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:00